



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. (Þingskjal 193 — 192. mál, 151. löggjþ.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að þekkja uppruna sinn

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Umsögnin er nær samhljóða fyrri umsögn um sama mál.

Barnaheill styðja tillöguna og telja mikilvægt að réttur barns til að þekkja uppruna sinn sé skýrður í lögum eins og Barnasáttmálinn segir að ríki þurfi að gera, sbr. eftirfarandi og eins og fjallað er um í greinargerð með þingsályktunartillögunni:

7. gr.

1. Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og **eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína** og njóta umönnunar þeirra.
2. Aðildarríki skulu tryggja að réttindum þessum sé komið í framkvæmd í samræmi við lög sín og skuldbindingar í viðeigandi alþjóðasamningum á þessu sviði, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust.

8. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að **viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling**, þar með töldu ríkisfangi sínu, nafni og **fjölskyldutengslum** eins og **viðurkennt er með lögum**, án ólögmeðra afskipta.
2. Sé barn ólöglega svipt einhverju eða öllu því sem auðkennir það sem einstakling skulu aðildarríkin veita viðeigandi aðstoð og vernd í því skyni að bæta úr því sem fyrst.

Börn eru einstaklingar sem njóta sinna eigin sjálfstæðu mannréttinda eins og kemur svo ágætlega fram í þingsályktunartillögunni, og hafa skal í huga að við hverja ákvörðun um líf þeirra þarf að hafa það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi. Jafnframt eru réttur til upplýsinga sem og réttur til að tjá skoðun sína í öllum málum sem börn varða mjög mikilvæg réttindi Barnasáttmálans, sem raungerast ekki af sjálfu sér heldur þarf að tryggja þau með lögum og sérstökum aðgerðum, svo sem fræðslu, kynningu og hvatningu til samfélagsins um að virða þau réttindi barna.

Mikilvægt er við skoðun þessa máls að fræðimenn og hagsmunafélög, þ.m.t. hagsmunafélög barna, verði höfð með í ráðum. Nokkuð er til af útgefnum fræðigreinum um málefnið sem auðvelt er að finna á netinu. Fræðimenn eru ekki á einu máli um hvaða leið skuli farin. Skarast þá réttindi barnanna til að komast að uppruna sínum á við rétt



þeirra sem gefa sæði sín, til friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Barnaheill hvetja til þess að gætt verði sérstaklega að því að börn séu virt sem sjálfstæðir rétthafar og að réttur þeirra til að þekkja uppruna sinn gangi framar rétti sæðisgjafa til persónuverndar og/eða rétti foreldranna til að halda uppruna barns leyndum. Samtökin hvetja til þess að norrænni lagaframkvæmd verði fylgt við þróun þessara réttinda, sbr. umfjöllun þar um í þingsályktunartillögunni. Hins vegar hvetja Barnaheill Dómsmálaráðherra og Alþingi til að huga að því hvort eðlilegra sé að veita barni rétt á upplýsingum um uppruna sinn í málum sem hér um ræðir, fyrr en við 18 ára aldur, eins og virðist hafa verið gert í Svíþjóð.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna gegn allri mismunun barna. Í mörgum tilfellum virðist þörf barna til að vita um uppruna sinn vera brýn og ef vilji barns er sá að komast að uppruna sínum er mikilvægt að taka mið af þeim vilja og gera allt til að aðstoða barnið við það.